

Ársskýrsla 2015



Fræðslunetið símenntun á
Suðurlandi

EFNI

1	Inngangur	1
2	Starfsmannahald	1
3	Stjórn Fræðslunetsins	2
4	Bókhald	2
5	Afkoma	3
6	Húsnæði.....	3
7	Búnaður	4
8	Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	4
8.1	Viðaukasamningar við FA.....	5
9	Símenntun fyrir fatlað fólk	5
10	Fræðslustarfið í máli og myndum	7
11	Náms- og starfsráðgjöf	10
12	Raunfærnimat	10
13	Raunfærnimat IPA.....	11
14	Þróunarverkefni.....	11
15	Erasmus+	12
16	Markviss	12
17	Samstarf við MSS (miðstöð símenntunar á suðurnesjum).....	13
18	Samstarf við stofnanir og fyrirtæki	13
19	Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands	14
20	Námsvísir og annað kynningarefni	15
21	EQM-gæðaviðmið	16

22	Nemendabókhaldið MySchool.....	16
23	Kvasir og Leikn.....	17
24	Sóknaráætlun Suðurlands 20/20.....	17
25	Endurmenntun.....	18
26	Niðurlag.....	20

1 INNGANGUR

Árið 2015 var sextánda starfsár Fræðslunetsins. Í þessari ársskýrslu, sem skipt er í 26 kafla, er reynt að gera sem gleggsta grein fyrir starfseminni á árinu. Fjallað er um starfsmannahald og afkomu, húsnæði og búnað, samstarfsaðila Fræðslunetsins, námskeiðahald, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat. Þróunarverkefnum eru gerð skil, gerð grein fyrir Vísinda- rannsóknarsjóði Suðurlands, námskeiðum og ráðstefnum/fundum sem starfsfólkið hefur sótt auk nokkurra annarra fastra liða í starfseminni. Gerð skýrslunnar var að stórum hluta á hendi Ásmundar Sverris Pálssonar.

2 STARFSMANNAHALD

Eftirfarandi breytingar urðu á starfsmannahaldi hjá Fræðslunetinu á árinu:

Áslaug Einarsdóttir tók við starfi verkefnastjóra í Vestur-Skaftafellssýslu 1. janúar. Hún er í 50% starfi.

Starfshlutfall Rakelar Þorsteinsdóttur verkefnastjóra minnkaði í 80% frá 1. mars til 30. apríl. Málfríður Erna Samúelsdóttir var ráðin í 20% starfshlutfall sem verkefnastjóri á sama tíma.

Rakel lét af störfum 30. apríl sem verkefnastjóri yfir fullorðinsfræðslu fatlaðs fólks. Eftir auglýsingu, þar sem 18 sóttu um starfið, var Lilja Össurardóttir, aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, ráðin. Lilja tók til starfa 1. apríl.

Nína Síbyl Birgisdóttir sagði starfi sínu lausu hjá Fræðslunetinu og hætti í lok desember.

Oddný Sigríður Gísladóttir, sameiginlegur starfsmaður Fræðslunetsins og Háskólafélagsins, var ráðin í aukið starfshlutfall frá 5. ágúst.

Ásmundur Sverrir Pálsson framkvæmdastjóri sagði starfi sínu lausu að hausti en starfaði út árið.

STARFSMENN:

- Framkvæmdastjóri: Ásmundur Sverrir Pálsson
- Verkefnastjóri: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir

- Verkefnastjóri: Sandra D. Gunnarsdóttir
- Verkefnastjóri: Lilja Össurardóttir
- Verkefnastjóri: Áslaug Einarsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Sólveig R. Kristinsdóttir
- Náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri: Eydís Katla Guðmundsdóttir
- Verkefnastjóri: Margrét Gauja Magnúsdóttir
- Verkefnastjóri: Nína Síbyl Birgisdóttir
- Ritari/starfsmaður í móttöku: Árdís Dóra Óskarsdóttir
- Móttaka og húshald: Oddný Sigríður Gísladóttir
- Prif: Sigríður Erna Kristinsdóttir

3 STJÓRN FRÆÐSLUNETSINS

EFTIRTALDIR SKIPA STJÓRN:

- Gylfi Þorkelsson, formaður (kosinn af Fjölbrotaskóla Suðurlands)
- Gunnar B. Þorsteinsson, varaformaður (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Elín Einarsdóttir (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir dugnað og samviskusemi í störfum sínum og stjórn fyrir uppbyggilegt samstarf.

4 BÓKHALD

Eins og áður var bókhaldsþjónusta keypt af skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Bókhaldið færir Ragnheiður Óskarsdóttir bókarí hjá SASS. Bjarni Jónsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði reikninga Fræðslunetsins sem fylgja hér með.

5 AFKOMA

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings ársins 2015 eru:

Tekjur:	165.154.946
Gjöld:	167.359.237

Gjöld umfram tekjur eru kr. 2.204.291 og eiga sér fyrst og fremst skýringar í meiri launahækkunum á árinu en gert var ráð fyrir. Að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda nemur rekstrartap kr. 1.041.943.

Tekjur á milli ára hækka um kr. 1.083.163. Gjöld á milli ára hækka um kr. 6.478.418. Fyrirframgreiddar tekjur, þ.e. styrkir og framlög, sem flytjast milli ára eru kr. 6.900.000. Um er að ræða framlög og styrki sem greiddir voru 2015 en koma að stórum hluta til gjalda árið 2016.

Hagnaður (tap) án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda er kr. 3.185.624.

Skuldir og eigið fé alls er kr. 74.655.176

6 HÚSNÆÐI

Í Fjölheimum á Selfossi eru skrifstofur starfsmanna, kennslustofur, jafnt til bóklegrar sem verklegrar kennslu, s.s. handverksstofa og kennslueldhús; kaffistofa starfsfólks, vinnuaðstaða fyrir kennara Fræðslunetsins og tækjageymsla, lesstofa fyrir námsmenn, kaffistofa og hópvinnuaðstaða fyrir námsmenn auk funda- og viðtalsherbergja. Í Fjölheimum er fyrsta flokks vinnuaðstaða fyrir nemendur, kennara og starfsfólk. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Sveitarfélaginu Árborg.

Fræðslunetið hefur starfsstöð í Hvolsskóla á Hvolsvelli, skrifstofu og rúmgóða kennslustofu með nauðsynlegum kennslubúnaði auk fjarkennslubúnaðar. Fræðslunetið leigir húsnæðið af Rangárþingi eystra. Starfsmaður þar er Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, verkefnastjóri.

Starfsstöðvar Fræðslunetsins í Vestur-Skaftafellssýslu eru í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Þar er skrifstofuaðstaða starfsmanns og námsver velbúin kennslutækjum. Fjarfundabúnaður er á báðum stöðum. Starfsmaður þar er Áslaug Einarsdóttir.

Starfsstöð Fræðslunetsins í Sveitarfélaginu Hornafirði er í Nýheimum á Höfn. Þar eru tvær skrifstofur starfsmanna og þrjú námsver, þar af eitt með fjarfundabúnaði. Á árinu fór kennsla einnig fram í Vöruhúsinu á Höfn, í Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu og í sal Afls stéttarfélags. Starfsmenn á Höfn á árinu 2015 voru Margrét Gauja Magnúsdóttir og Nína Síbyl Birgisdóttir.

Hefð er komin á að styrkur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands sé afhentur á sérstökum hátíðarfundum í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Annars staðar á Suðurlandi fékk Fræðslunetið einkum inni í grunnskólum fyrir námskeið sín, s.s. í Þorlákshöfn og í Reykholti.

Fræðslunetið færir skólastjórum grunnskólanna, skólameisturum framhaldsskólanna, og sveitarfélögum þakkir fyrir árangursríkt samstarf.

7 BÚNAÐUR

Skrifstofur starfsfólks eru flestar með nýjum eða nýlegum húsgögnum og er vinnuaðstaða góð. Tölvu- og fjarskiptabúnaður er góður.

Aðbúnaður í kennslustofum í Fjölheimum á Selfossi er hugsaður frá upphafi fyrir fullorðið fólk. Stólar og borð voru keypt inn með þarfir þess í huga. Í öllum kennslustofum eru kennslutæki sem hæfa nútímakennsluháttum, s.s. tjöld og skjávarpar, tússtöflur og greiðar nettengingar; í 5 rýmum af 11 eru að auki fjarfundabúnaðir. Aðbúnaður nemenda á Hvolsvelli, Vík, Klaustri og Höfn er einnig mjög góður.

Í vinnuherbergi í Fjölheimum er nýleg ljósritunarvél sem jafnframt er prentari og skanni. Í smíða- og myndlistarstofu eru 3 hefilbekkir og algengustu smíðaáhöld.

Tölvukostur starfsmanna, tölvukostur fyrir nemendur og annar búnaður til náms í eigu Fræðslunetsins er því fullnægjandi á starfssvæðinu.

8 SAMSTARF VIÐ FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

Í gildi er þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Í þjónustusamningnum segir: „Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnenntun, fólki sem horfið hefur

frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.”

Í þjónustusamningnum er kveðið á um framlag úr Fræðslusjóði til vottaðs náms sem meta má til eininga á framhaldsskólastigi, til náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Um framlag til þessara verkefna skyldi gera sérstaka viðaukasamninga. Þá er grein um styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

8.1 VIÐAUKASAMNINGAR VIÐ FA

Að undangengnum umsóknum í Fræðslusjóð undirritaði Fræðslunetið viðaukasamning við FA 13. janúar um greiðslur til vottaðs náms og viðaukasamning um greiðslur til náms- og starfsráðgjafar. Tveir viðaukasamningar um greiðslur til raunfærnimats voru undirritaðir 15. janúar; raunfærnimat á móti námskrá félagsliðabrautar og á móti námskrá hestabrautar. Þriðji viðaukasamningurinn var undirritaður 23. júní um raunfærnimat á móti námskrá leikskólaliðabráar.

Fræðslunetið sótti til Fræðslusjóðs um framlag vegna endurúthlutunar úr sjóðnum á haustdögum. Í framhaldinu voru undirritaðir viðaukasamningar þan 16. október við FA um vottaðar námsleiðir. Í kjölfarið var haldið námskeiðið Grunnám fyrir fiskvinnslufólk á Höfn og í Þorlákshöfn hófst samskonar nám á árinu og fyrirætlað að ljúka því í janúar 2016. Þá hófst námskeiðið Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun á árinu og undirbúningur sölu-, markaðs- og rekstrarnáms.

Þann 29. október undirritaði Fræðslunetið viðaukasamning við FA um gerð gátlista, framkvæmd raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar á móti nýrri námskrá verslunarfulltrúa. Undirbúningsvinna þessa verkefnis fór fram á árinu.

9 SÍMENNTUN FYRIR FATLAÐ FÓLK

Á árinu var lögð áhersla á fjölbreytilegt nám fyrir fatlað fólk á Suðurlandi. Kynningar á náminu fóru fram á heimilum fatlaðs fólks, vinnustöðum og þar sem tómstundastarf þess fer fram. Rýnihópur fatlaðs fólks, sem er til ráðgjafar um fræðsluna, hóf störf á árinu og átti nokkra fundi með verkefnastjóra.

Þjónustusamningur við Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð fyrir árið 2015 var undirritaður 14. janúar.

Framboð námskeiða á haustönn birtist á vefsíðu Fræðslunetsins lok í apríl. Þrjú ný námskeið, auk listnámsbrautar, voru í boði, þ.e. *bílskúrsbandið*, *ljósmyndun* og *fordómar og einelti*. Síðast talda námskeiði var að tillögu rýnihópsins.

Auk áður nefndrar kynningar og samskipta við markhópinn var stofnaður lokaður hópur á Facebook þar sem hægt er að koma upplýsingum beint til markhópsins án milligöngu starfsmanna.

Flestir leiðbeinendur í fullorðinsfræðslu fatlaðra eru starfandi grunnskólakennarar en skv. síðustu kjarasamningum við þá hefur viðvera þeirra í skólunum lengst. Þetta hefur haft það í för með sér að námskeið þessara leiðbeinenda geta ekki byrjar fyrr um kl. 16.00 á daginn.

Á haustfundi Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva, funduðu saman verkefnastjórar símenntunarmiðstöðva sem starfa með fötluðu fólki. Fram kom áhugi á að halda námskeið í kynfræðslu fyrir fullorðið, fatlað fólk enda væri veruleg þörf á slíkri fræðslu. Slíkt námskeið þarf vandaðan undirbúning og er stefnt að því að sækja um styrk til þess í Þróunarsjóð framhaldsfræðslu árið 2016. Fyrsta skrefið í undirbúningnum var námskeið um efnið þar sem María Jónsdóttir félagsráðgjafi var leiðbeinandi. Starfsfólki félagsþjónustu sveitarfélaga, forstöðumönnum sambýla og vinnustaða fatlaðs fólks ásamt yfirmönnum starfsbrauta framhaldsskólanna og liðveislu var boðin þátttaka á námskeiðinu. Námskeiðið var sent út um allt land í fjarfundabúnaði og tókst vel.

Námskeiðinu *námi og starfi*, 200 stunda starfsnámi, lauk á árinu. Um var að ræða þróunarverkefni sem fimm námsmenn luku.

Lokið var við að skrifa námskrá listnámsbrautar sem var samvinnuverkefni Fræðslunetsins og Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi. Á haustönn hófst tilraunakennsla eftir námskránni og stunda þrjár einstaklingar námið. Kenndar voru 90 kennslustundir á önninni af 180.

Á vorönn voru kennd 24 námskeið með alls 79 þátttakendum. Á haustönn var kennt 21 námskeið með alls 65 þátttakendum.

Námskeiðin voru haldin í Fjölheimum á Selfossi, á Sólheimum í Grímsnesi, í Vík og á Höfn.


Ráðgjafar Fjölmenntar veittu verkefnastjórum og leiðbeinendum kennsluráðgjöf.

10 FRÆÐSLUSTARFIÐ Í MÁLI OG MYNDUM

Hér á eftir fara gröf um nokkra þætti í starfseminni.

Áætlun um kenndar námsbrautir á árinu hélst að öðru leyti en því að menntastoðir komu til kennslu í stað náms og þjálfunar í almennum bóklegum greinum (sbr. starfsáætlun 2015).

Fyrsta myndin sýnir fjölda námskeiða á þriggja ára tímabili. Hér er um allar námsbrautir að ræða og öll námskeið, löng sem stutt. Myndin sýnir að námskeiðum fer fækkandi. Skýringa á því er fyrst og fremst að leita í fækkun tómsundanámskeiða (sjá nánar næstu mynd).




Á næstu mynd eru námskeið flokkuð eftir eðli þeirra. Rétt er að benda á að skilin milli þess sem flokkað er sem atvinnutengd námskeið annars vegar og tómsundanámskeið hins vegar eru á stundum óljós.

Hugtakið námsbrautir er notað um námskrárbundnar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.


Myndin sýnir verulega fækkun tómsundanámskeiða milli áranna 2014 og 2015. Fækkun þeirra var meðvituð ákvörðun þannig að gæfist meira svigrúm til aukinnar áherslu á námsbrautir FA. Fleiri langar námsbrautir voru haldnar á árinu en áður.

Þá sýnir myndin að námskeiðum fyrir fatlað fólk fjölgar á milli ára. 2014 er fyrsta heila árið þar sem gætti 25% samdráttar á framlagi Fjölmenntar. Sama þróun hefur orðið á námskeiðum fyrir fatlað fólk og á námsbrautum FA, þ.e. fleiri löng námskeið.





Á árinu var íslenska kennd í Þorlákshöfn, á Selfossi, í Reykholti, á Hvolsvelli, í Vík, á Kirkjubæjarklaustri og á Höfn.


Eins og fram kemur á fyrstu myndinni fækkar námskeiðum milli árána 2014 og 2015. Næsta mynd er í samræmi við þessa fækkun þar sem námsmönnum fækkar líka áberandi á milli árána.



Fjöldi nemendastunda er fenginn með fjölda námsmanna x fjölda námskeiðsstunda. Þannig fæst hvað nemendur sóttu alls margar kennslustundir hjá Fræðslunetinu. Þrátt fyrir fækkun námskeiða, sbr. hér á undan, og fækkun námsmanna, fjölga nemendastundum milli árána 2014 og 2015 sem þýðir að hver nemandi hefur setið fleiri námskeiðsstundir en árið áður. Er þetta í samræmi við það sem áður segir um lengd námskeiða og um leið fjölgun nemendastunda.



Á næstu mynd eru kunnugleg hlutföll kynja í framhalds- og fullorðinsfræðslu. Hlutföllin hjá Fræðslunetinu eru óbreytt milli áronna 2014 og 2015.



11 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Í viðaukasamningi um náms- og starfsráðgjöf (sbr. bls. 5), sem byggist á þjónustusamningi við FA, er miðað við fjölda viðtala og hvar þau eru tekin.

Tekin voru 417 viðtöl á árinu skv. framlagi. Þetta eru nokkuð færri viðtöl en áður. Í uppgjöri og skilagrein, sem send er FA, eru viðtölin flokkuð í einstaklings- og hópráðgjöf, og eftir því hvar á Suðurlandi þau eru tekin.

Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þessi þjónusta í starfseminni er mjög eftirsótt og hefur hjá mörgum orðið nýtt upphaf að námi. Samanlagður fjöldi viðtala þeirra fjögurra ára, sem taflan sýnir, er 2.434, viðtöl við karla voru alls 907, viðtöl við konur alls 1.527.

FJÖLDI RÁÐPEGA EFTIR KYNI				
Ár	2015	2014	2013	2012
Karlar	125	257	273	252
Konur	292	481	384	370
Alls	417	738	657	622

12 RAUNFÆRNIMAT

Eftirfarandi raunfærnimati lauk á árinu:

1. Raunfærnimati í hestamennsku. Námskrá hestamenskubrautar FSu var lögð til grundvallar. Unnið í samstarfi við FA og FSu. 17 námsmenn luku mati, 9 konur og 8 karlar eða alls 593 einingum.
2. Raunfærnimati leikskólaliða á móti námskrá leikskólaliða, unnið í samstarfi við FA. 11 konur luku mati, eða alls 351 einingu.
3. Raunfærnimat félagsliða á móti námskrá félagsliða, unnið í samstarfi við FA. 15 námsmenn luku mati, 13 konur og 2 karlar, eða alls 450 einingum.

Eins og áður er komið fram (bls. 5) var undirbúningsvinna raunfærnimats á móti námskrá verslunarfulltrúa unnin á árinu.

13 RAUNFÆRNIMAT IPA

Eftirtöldu raunfærnimati, sem var hluti af verkefninu „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“, lauk á árinu:

1. Raunfærnimati á garðyrkjubrautum. Til grundvallar voru lagðar námskrár garðyrkjubrauta Landbúnaðarháskóla Íslands, 2012-2014 (námskrá fyrir ylrækt/námskrá fyrir garð- og skógarplöntubraut). Unnið í samstarfi við FA. Verkefninu lauk á árinu með 4 þátttakendum; 3 konum og 1 karli sem luku alls 597 *einingum* (331 einingu). Þetta verkefni fór að meginhluta fram 2014.

Alls luku því 47 námsmenn raunfærnimati á árinu hjá Fræðslunetinu eða snöggtum færri en árið 2014 en þá luku 112 raunfærnimati. Árið 2015 naut ekki IPA-styrkja við og er það meginskýringin á fækkuninni.

Sólveig R. Kristinsdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri hafði yfirumsjón með áðurnefndu raunfærnimati.

14 ÞRÓUNARVERKEFNI

Eftirfarandi verkefnum, sem styrkt voru af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (mrn.) og Þróunarsjóði framhaldsfræðslu (þ.f.), lauk á árinu:

1. *Nám og starf*, 200 stunda starfsnám fyrir fatlað fólk. Tilraunakennslu lauk í maí. Uppgjör og skýrsla send mrn. Styrkt af mrn.
2. *Námskrá listnámsbrautar – sköpunar, upplifunar og þátttöku; kennsla*. Skrifum námskrárinnar lauk á árinu eins og stefnt var að og var greinargerð með uppgjöri skilað til Þróunarsjóðsins. Meginkaflar námskrárinnar eru: leiklist, myndlist, textílmenn og tónlist. Markhópur brautarinnar er fólk með mikla þroska- og hreyfihömlun og *óvenjulega skynúrvinnslu og einhverfu*. Kenndar voru 90 kennslustundir skv. námskránni á haustönn. Styrkt af þ.f.
3. *Tæki-færi I*. greining á hvaða þekking á sviði verk- og tæknimenntunar myndi styrkja stöðu fólks á vinnumarkaði og um leið koma til móts við þarfir atvinnulífsins. Verkefninu lauk með einum kynningarfundi á árinu. Verkefnið var unnið í samvinnu við Vinnumarkaðsráð Suðurlandi og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Greinargerð, uppgjör og afurðir þess voru send Þróunarsjóði. Styrkt af þ.f.

4. *Ull í mund.* Eftirfylgni við nemendur lauk á árinu. Greinargerð, uppgjöri og afurðum verkefnisins var skilað til Þróunarsjóðs. Styrkt af Þ.f.

Þróunarverkefni í vinnslu, styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu:

1. *Námskrá fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu.* Netkönnun var send ferðaþjónustuaðilum á Suðurlandi sem góð svörun fékkst við. Námskrárvinnan byggðist m.a. á niðurstöðum netkönnunarinnar. Samráðsaðilar Fræðslunetsins í verkefninu voru frá Fjölbrautaskóla Suðurlands, VMST Suðurlandi, stéttarfélögum á Suðurlandi og Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi.
2. Gátlistar vegna raunfærnimats á fjallamennskubraut Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Gátlistagerðinni lauk á árinu.

15 ERASMUS+

Í byrjun mars sótti Fræðslunetið um styrki til Erasmus+ í flokkinn nám og þjálfun, annars vegar um verkefnið *Flipped classroom in the lifelong learning* og hins vegar verkefnið þróun framhaldsnáms fyrir hestamenn í tamningum, járningum og hófhirðu. Verkefnastjórnarnir Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir og Sandra D. Gunnarsdóttir og Ottó Valur Ólafsson kennari sóttu námskeið í Róm í september í vendikennslu (Flipped classroom).

Vendikennsla er notuð í menntastoðum en kennsla í þeirri námsleið hófst haustið 2015. Menntastoðir eru kenndar um allt starfssvæðið í gegnum Skype for business.

Á árinu var undirbúin ferð verkefnastjóra o.fl. til Svíþjóðar til að kynna sér menntun hestamanna þar í landi. Ferðin til Svíþjóðar verður farin í febrúar 2016.

16 MARKVISS

Fjórir verkefnastjórar Fræðslunetsins, Eydís Katla Guðmundsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Sólveig K. Kristinsdóttir luku á árinu námskeiði í greiningartækini Markviss, markvissri uppbyggingu starfsmanna. Lokaverkefni þeirra fólst í að greina fræðsluþarfir Öreafaferða, ferðaþjónustu, Hofsnesi í Öræfum. Fræðslunetið býr því vel að ráðgjöfum til að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að greina fræðsluþarfir þeirra og annað sem lýtur að mannauði og samskiptum.

17 SAMSTARF VIÐ MSS (MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM)

Fram hefur haldið góðu og mikilvægu samstarfi Fræðslunetsins og MSS um fjarkennslu námsbrauta FA, nánar tiltekið: leikskólaliðabráur, stuðningsfulltrúabráur og félagsliðabráur.

Stöðvarnar hafa skipt með sér kennslu brautanna og ýmist verið kennt frá starfssvæði FSS eða MSS þannig að kennsla hefur náð til starfssvæða beggja stöðvanna.

Allar brýrnar eru fjarkenndar í gegnum hugbúnaðinn *Skype for business*.

18 SAMSTARF VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

Helstu samstarfsaðilar Fræðslunetsins um framhaldsfræðslu eru Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fjölmennt og mennta- og menningarmálaráðuneytið. Árlega eru gerðir samningar við þessar stofnanir um framkvæmd framhaldsfræðslu og gagnkvæmar skyldur þeirra og Fræðslunetsins að því er varðar málaflökkinn.

Samstarfi við Vinnumálastofnun Suðurlandi um úrræði fyrir atvinnuleitendur var haldið áfram á árinu. Þjónustuþegar stofnunarinnar sóttu m.a. námskeið um fjármál, sjálfstyrkingarnámskeið og íslensku fyrir útlendinga. Nýr þjónustusamningur við Vinnumálastofnun Suðurlandi var undirritaður 4. september. Markmið samningsins er að þjónusta VMST með virkni- og námsúrræði sem teljast til vinnumarkaðsaðgerða fyrir atvinnuleitendur. Nánar er kveðið á um inntak þjónustunnar í fylgiskjali sem er hluti af samningnum.

Fræðslunetið sinnti á árinu námskeiðum sem eru hluti af símenntunaráætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Aðrar stofnanir, fyrirtæki og félög, sem Fræðslunetið hafði samvinnu við um námskeiðahald eða notið aðstöðu hjá, eru m.a.: Fjölbautaskóli Suðurlands, Virk, starfsendurhæfing á Suðurlandi, Birta starfsendurhæfing Suðurlands, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Rangárþing eystra, stéttarfélagin á Suðurlandi, Framvegis - miðstöð símenntunar, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Vöruhúsið á Höfn, Afl stéttarfélag á Höfn, Grunnskóli Bláskógabyggðar í Reykholti, Grunnskólinn í Þorlákshöfn, Kötlusetur í Vík, Kirkjubæjarstofa á Klaustri og Suðurlandsdeild Sjúkrliðafélags Íslands.

Þá hefur Fræðslunetið haft mikið og gott samstarf við Háskólafélag Suðurlands um rekstur Fjölheima auk samstarfs um Sóknaráætlun Suðurlands og eflingu menntunar í landshlutanum.

Á vorönn var haldið námskeið í Vakanum, gæðaþjónustu ferðaþjónustunnar, í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands og Símeý en kennarar þaðan sáu um kennslu á námskeiðinu.

Þá á Fræðslunetið mikið samstarf við aðrar símenntunarstöðvar innan Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarstöðva, um hagsmunamál stöðvanna og námsmanna framhaldsfræðslunnar.

Símenntunardeild Fræðslunetsins fyrir fatlað fólk hefur samvinnu við fjölda aðila, s.s. félagsþjónustu sveitarfélaga á Suðurlandi, VISS vinnu- og hæfingarstöð á Selfossi og í Þorlákshöfn, tómstundaklúbba fatlaðs fólks, Strók (félagsskapur fyrir fólk með geðraskanir), heimili og skammtíamavistun fatlaðs fólks, réttindagæslumann fatlaðs fólks á Suðurlandi, Sólheima í Grímsnesi, Skaftholt og Kerlingardal.

Fræðslunetið þakkar öllum samstarfsaðilum árangursríka samvinnu á árinu.

19 VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands, áður Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands, var stofnaður árið 2002 og hafa styrkir verið veittir úr sjóðnum árlega síðan þá. Tuttugu fyrirtæki, stofnanir og samtök á Suðurlandi styrkja nú sjóðinn með árlegum framlögum (sjá fylgiskjal 1). Fræðslunetið fer með umsýslu við sjóðinn.

Í samþykktum sjóðsins segir: „Sjóðurinn heitir Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum. Til sjóðsins er stofnað á vegum Fræðslunets Suðurlands ses. en frá og með 2010 er Háskólafélag Suðurlands ehf. einnig aðili að sjóðnum.” (1. gr.)

Í 2. gr. segir: “Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja stúdenta, sem eru að vinna að lokaprófsverkefni, til rannsóknarstarfa á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands.”

Áskilið er í samþykktum sjóðsins að rannsóknarverkefni verði að tengjast “Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.” (6. gr., 2. tl.)

Á haustdögum var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn eins og reglur hans gera ráð fyrir. Eins og áður var auglýsing birt í Fréttablaðinu og einnig í háskólum landsins sem m.a. dreifðu auglýsingu eftir póstlistum sínum. Styrkupp hæðin var kr.1.200.000. Alls bárust sex umsóknir (sjá fylgiskjal 2). Þrjár umsækjenda hlutu styrk að þessu sinni:

1. Ásdís Benediktsdóttir fyrir doktorsverkefni sitt sem unnið er við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands í samvinnu við Uppsalaháskóla og Veðurstofu Íslands og felur í sér að kanna innri gerð Eyjafjallajökuls með nýjum aðferðum á sviði jarðskjálftafræði.
2. Haukur Ingvarsson fyrir doktorsverkefni sitt sem nefnist „William Faulkner á Íslandi“. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvernig ímynd bandaríska skáldsagnahöfundarins Williams Faulkners (1897–1962) varð til og þróaðist á Íslandi á tímabilinu 1930 til 1970. Rannsóknin skiptist í þrjá hluta og þungamiðja í þeim fyrsta er sunnlenski rithöfundurinn Guðmundur Daníelsson.
3. Ragnheiður Hergeirsdóttir fyrir mastersverkefni sitt sem fjallar um viðbragðsáætlanir sveitarfélaga á Suðurlandi við samfélagsáföllum og hvernig nýta má þekkingu félagsráðgjafar til að efla viðnámsþrótt samfélaga. Vinnuheiti verkefnisins er „Viðnámsþróttur og viðbragðsáætlanir sveitarfélaga á Suðurlandi“.

Forseti Íslands afhenti styrkina á sérstökum hátíðarfundum sem haldinn var í sal Fjölbrotaskóla Suðurlands 14. janúar 2016.

Styrkhafar sjóðsins frá upphafi eru orðnir 26 (sjá fylgiskjal 3).

Fræðslunetið þakkar stofnaðilum og styrkjendum Vísinda- og rannsóknarsjóðs góðan stuðning á árinu.

20 NÁMSVÍSIR OG ANNAÐ KYNNINGAREFNI

Fræðslunetið gefur út bækling með kynningu á starfseminni. Þá gefur Fræðslunetið út námsvísi tvisvar á ári. Þar er framboð á námsleiðum og námskeiðum kynnt ásamt öðrum þáttum starfseminnar. Námsvísinum er dreift um allt Suðurland, til heimila og fyrirtækja.

Samfélagsmiðlar eru notaðir til að auglýsa námskeið og fræðslu og kynningar sendar í tölvupósti til ákveðinna hópa. Auk þess er auglýst í héraðsblöðum eftir þörfum. Náms- og starfsráðgjafar koma víða vegna starfa sinna og kynna um leið starf sitt.

Allt námsframboð fyrir fatlað fólk er nú birt á vefsíðu Fræðslunetsins sem hefur verið gerð aðgengilegri en áður. Í kjölfar umsóknar fá þátttakendur bréf sent heim með staðfestingu um námskeið og nánari upplýsingar, s.s. um tímasetningar, leiðbeinendur og fleira.

Verkefnisstjóri fer á stærstu vinnustaði fatlaðs fólks, í skóla og frístundaklúbba á starfssvæðinu, kynnir starfseminu, leitar eftir hugmyndum frá markhópnum og samstarfsaðilum sem tengjast honum.

Fræðslunetið heldur úti greinargóðri vefsíðu (<http://fraedslunet.is>) sem gegnir æ meira hlutverki í starfseminni sem upplýsingamiðill. Undirbúningsvinna við nýja vefsíðu hófst á árinu.

21 EQM-GÆÐAVIÐMIÐ

Engin gæðaúttekt var gerð á starfsemi Fræðslunetsins árið 2015 þar sem Fræðslunetið hefur lokið þriggja ára gæðavottunarferli og unnið er að endurskoðun á ferlinu. Nú er gert ráð fyrir að gæðavottun og viðurkenning fræðsluaðila verði eitt ferli og fleiri þættir starfseminnar komi til gæðavottunar.

Fræðslunetið mun eftir sem áður halda áfram að vinna í anda þeirra gæðaviðmiða sem það hefur undirgengist.

22 NEMENDABÓKHALDIÐ MYSCHOOL

Fræðslunetið hefur undanfarin ár notað skráningarkerfið *MySchool* sem hefur verið þróað undir stjórn FA með samningi við Stúdíu ehf. Fræðslunetið hefur innleitt kerfið í starfsemi sína að stærstum hluta.

Í byrjun janúar varð sú breyting á að Fræðslunetið og Stúdía ehf. undirrituðu samning um leigu og rekstur á nemendabókhaldi *MySchool*, kennslukerfi og umsýslukerfi fyrir náms- og starfsráðgjafa. Stúdía leigir Fræðslunetinu áðurnefnd kerfi sem Stúdía hýsir ásamt öðrum gögnum verkkaupa. Í samningnum eru annars greinar um þjónustu Stúdíu, verð og greiðslur fyrir þjónustuna, gagnkvæma ábyrgð og uppsagnarákvæði. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 2015.

23 KVASIR OG LEIKN

Fræðslunetið á félagsaðild að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarstöðva. Í félaginu eru 11 símenntunarstöðvar á landinu sem hafa margháttað samstarf um framhalds- og fullorðinsfræðslu og hagsmunamál stöðvanna. Samtökin halda reglulega samráðsfundi á vorin og haustin auk fleiri funda eftir efnum og ástæðum.

Aðalfundur, eða vorfundur, var haldinn í Reykjanesbæ í húsnæði Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum 27. maí og á sama tíma var haldinn fagfundur verkefnastjóra stöðvanna. Framkvæmdastjóri sat aðalfundinn og verkefnastjórafundinn sátu Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Sandra Gunnarsdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Haustfundur Kvasis var hins vegar haldinn á Neskaupstað 21. og 22. september. Fundinn sat framkvæmdastjóri.

Fræðslunetið á aðild að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Aðalfundur Leiknar var í Reykjanesbæ 28. maí. Framkvæmdastjóri sat fundinn.

Málþing Leiknar, sem bar heitið *þurfa kennarar að vera tæknitröll?*, var haldið í Reykjanesbæ 28. maí. Fyrir hönd Fræðslunetsins sátu málþingið framkvæmdastjóri og verkefnastjórarnir Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Margrét Gauja Magnúsdóttir.

24 SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS 20/20

Samstarf Fræðslunetsins, Háskólafélags Suðurlands og Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) um „*uppbyggingu símenntunar á miðsvæði Suðurlands*“, þ.e. frá Markarfljóti til Öræfa, var framhaldið á árinu.

Samningur um verkefnið fyrir árið 2015 var undirritaður 8. desember 2015. Þann 30. desember skiluðu Fræðslunetið og Háskólafélagið skýrslu um starfsemina á árinu. Þá er í skýrslunni yfirlit um starfsemina þau þrjú ár sem verkefnið tók til. Í fylgiskjali er birt tafla sem tekur til þriggja ára verkefnisins 2013 – 2015 og ársins 2012 til samanburðar. Í töflunni eru tölulegar upplýsingar um fjölda námskeiða, fjölda nemenda og nemendastunda. Skýrt kemur fram hversu mikla þýðingu starfsemin hefur haft fyrir íbúa svæðisins.

Nemendastundir eða menntastundir (fjöldi nemenda x námskeiðsstundir) voru eftirfarandi:

2012	2013	2014	2015
466	3164	5448	9146

Árin 2013 – 2015 voru haldin 79 námskeið á svæðinu þar af 46 í fjarfundi. Fjöldi nemenda var alls 638.

Þá er í skýrslunni fjallað um aðra starfsemi á svæðinu, s.s. náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og prófahald fyrir fjarnemendur og fleiri, auk kannana sem gerðar voru á tímabilinu og tóku til menntunarþarfar á Suðurlandi.

Samkvæmt samningnum fyrir árið 2015 skiluðu Fræðslunetið og Háskólafélagið framtíðarsýn um þörf á sí- og endurmenntun á miðsvæðinu.

Þessu þriggja ára verkefni lauk þar með.

25 ENDURMENNTUN

Starfsfólk Fræðslunetsins sótti ýmiss námskeið, ráðstefnur og fundi á árinu og verður það helsta rakið hér í stuttu máli:

13. – 14. apríl. *Ráðstefna um vendikennslu.* Reykjanesbær. Eydís Katla Guðmundsdóttir, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Þóra Þórarinsdóttir, Leifur Viðarsson og Anna Linda Sigurðardóttir.

19. maí. *Raunfærnimat.* Reykjavík. Sólveig Kristinsdóttir

26.maí. *Fundur FA og forstöðumanna Símenntunarstöðva.* Reykjavík. Ásmundur Sverrir Pálsson

27.-28. maí. *Aðalfundur Kvasis og Leiknar.* Reykjanesbær. Ásmundur Sverrir Pálsson, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Margrét Gauja Magnúsdóttir og Lilja Össurardóttir.

27. feb. *Ráðgjafafundur FA.* Reykjavík. Sólveig Kristinsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir

16.-17. feb. *Námsskeið/starfsgreiningar hjá FA.* Reykjavík. Sólveig Kristinsdóttir og Eydís Katla Guðmundsdóttir.

5. mars. *Erasmus+ samstarfsverkefni.* Veffundur frá Rannís í Reykjavík. Sólveig Kristinsdóttir

19. ágúst. *Moodle námskeið fyrir leiðbeinendur.* Selfoss. Eydís Katla Guðmundsdóttir og Sandra D. Gunnarsdóttir.

25.-26. ágúst. *Matsaðilar í raunfærnimati.* Reykjavík. Lilja Össurardóttir

17.-18.sept. *Ráðgjafafundur FA.* Húsavík. Sólveig Kristinsdóttir

4. sept. *Ráðstefna - Sköpun skiptir sköpum.* Reykjavík. Lilja Össurardóttir

7.-12. sept. *Námskeið í Róm, Flipped classroom.* Ítalíu. Sandra D. Gunnarsdóttir, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir og Ottó Valur Ólafsson

21.-22. sept. *Haustfundur Kvasis.* Neskaupsstaður. Ásmundur Sverrir Pálsson

25. sept. *Fundir með kennurum.* Reykjavík. Lilja Össurardóttir

15. okt. *Ársfundur Kirkjubæjarstofu.* Klaustur. Ásmundur Sverrir Pálsson.

6. okt. *Ráðstefna - Ferðaþjónusta morgundagsins.* Reykjavík. Eydís Katla Guðmundsdóttir

30. okt. *Uppskeruhátíð á Klaustri.* Klaustur. Allt starfsfólk Fræðslunetsins.

6. nóv. *Starfsdagur.* Klaustur. Allt starfsfólk Fræðslunetsins.

30. nóv. *Ársfundur FA og ráðstefna.* Reykjavík. Ásmundur Sverrir Pálsson.

10. des. *Kennum þeim að læra.* Reykjavík. Eydís Katla Guðmundsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir og Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir.

Þessu til viðbótar las starfsfólk eftir atvikum fræðilegt efni í tímaritum og á vefnum. Tók þátt í umræðum á netinu og skrifaði greinar.

Almennt er starfsfólk Fræðslunetsins duglegt að afla sér þekkingar og rækta starfsþróun sína.

26 NIÐURLAG

Árið 2015 var gott ár hjá Fræðslunetinu í flestu tilliti. Starfsfólkið hefur með fagmennsku sinni og metnaðargirni sífellt fundið nýjar akra til að yrkja. Á því þarf Fræðslunetið að halda því ýmislegt hefðbundið í starfi þess er nú að undanhaldi; t.d. tómsundanámskeið. Þessi stöðuga aðlögunarhæfni, sem byggist á samvinnu og þarfagreiningum í samfélaginu gerir Fræðslunetinu kleyft að þjóna áfram þeim sem þjónustuna þurfa.

Aukin aðsókn í nám á miðsvæðinu (Vík og Klaustri) er afar ánægjuleg. Ljóst er að átakið sem þar var unnið í „Sóknaráætlun Suðurlands“ hefur skilað sér með aukinni mönnun Fræðslunetsins á svæðinu.

Fjárhagslega er afkoma Fræðslunetsins í járnum. Brattar launahækkanir á árinu 2015 hafa þyngt reksturinn. Húsaleiga er einnig að hækka en hún er núna þegar einn stærsti kostnaðarliðurinn. Ljóst er að búast má við svipuðum þyngslum í rekstri næsta starfsár.

Selfossi, 15 mars 2016

Ásmundur Sverrir Pálsson

Eyjólfur Sturlaugsson